

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Fífuhammsland, tengingar við Reykjanesbraut.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. mars 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Fífuhammslandi, vegna tenginga við Reykjanesbraut.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri tengibraut frá Reykjanesbraut í austur inn í Fífuhammsland (norðan skeiðvallar Gusts) að Lindarvegi. Ennfremur gerir breytingin ráð fyrir tengingu frá fyrirhuguðum áningarstað austan Reykjanesbrautar (við Bæjarlindina) inn á Reykjanesbraut.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs.

Umhverfísráðuneytið, 27. mars 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

27. mars 1995

Nr. 204

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að opið grænt svæði innst í Tungudal, sem er að hluta til utan skipulagskortsins, breytist í opið svæði til sérstakra nota og verður skíðasvæði með lyftum, bílastæðum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfísráðuneytið, 27. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.